

**3577. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
fimmtudaginn 7. nóvember 2024 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður,
Guðmundur Ingbór Guðjónsson varamaður, Haraldur Benediktsson bæjarstjóri og
Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2410279 - Ægisbraut 13 - Leigusamningur um atvinnuhúsnæði

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að fyrirbyggjandi leigusamningur vegna þjónustumiðstöðvar Akranekaupstaður verði samþykktur.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi leigusamning vegna aðstöðu fyrir þjónustumiðstöð Akraneskaupstaðar, með tilteknum athugasemdum varðandi orðalag, og að gert verði ráð fyrir útgöldunum í fjárhagsáætlun vegna ársins 2025.

Samþykkt 3:0

2. 2406119 - Dalbraut 14 - afhending lóðar

Yfirferð um stöðu málsins og fyrirbyggjandi gögn.

Sigurður Páll situr fundinn undir þessum dagskrárlið sem og undir lið nr. 3.

Bæjarráð óskar eftir að æðstu stjórnendur hlutaðeigandi félaga sem aðild eiga að samkomulaginu komi á næsta fund bæjarráðs til að fara yfir málið.

Afgreiðslu málsins frestað.

Samþykkt 3:0

3. 2406017 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2024-2033

Skipulags- og umhverfisráð samþykkti á fundi sínum þann 4. nóvember sl. aukningu á fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun yfirstandandi árs, samtals að fjárhæð kr. 533.880.424 og vísaði ákvörðuninni til bæjarráðs. Skipulags- og umhverfisráð lagði til að útgjöldunum yrði mætt með viðauka sem feli í sér aukna lántöku og að bæjarráð vísi málinu til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

Kristjana Helga Ólafsdóttir situr fundinn undir þessum dagskrárlið sem og undir dagskrárliðum nr. 4 til og með 8.

Bæjarráð samþykkir aukningu á fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun vegna ársins 2024, samtals að fjárhæð kr. 533.881.000. Ráðstöfuninni er mætt með lántöku.

Samþykkt 3:0



Bæjarráð samþykkir viðauka nr. 23 vegna ráðstöfunarinnar og vísar til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

Samþykkt 3:0

Helstu frávik í áætluninni eru:

Brekkubæjarskóli 1. hæð - um kr. 162 m.kr.

Grundaskóli C álma - um kr. 360 m.kr.

Tvær deildir við Teigasel - um kr. 116. m.kr.

Jaðarsbakkar íþróttahús - um 146 m.kr.

Íþróttahús Vesturgötu - um kr. 50 m.kr.

Uppkaup mannvirkja - lækkun um 300 m.kr.

Sigurður Páll vísar af fundi.

4. 2410278 - Heilbrigðiseftirlit Vesturlands - Fjárhagsáætlun 2025

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands - Fjárhagsáætlun 2025

Bæjarráð samþykkir fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vesturlands vegna ársins 2025 og vísar til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

Samþykkt 3:0

Áætlun ársins 2025 gerir ráð fyrir óbreyttu fjárframlagi frá sveitarfélögunum á árinu 2024 (heildarframlag) en hlutur Akraneskaupstaðar eykst í takt við aukin fjölda íbúa kaupstaðarins (miðað er við íbúatal 1. janúar 2025) og því má reikna með að raunútgjöld Akraneskaupstaðar verði nokkuð hærri en á yfirstandandi ári.

5. 2411022 - Lán - langtímafjármögnun útboð

Unnið hefur verið að fyrirkomulagi útboðs vegna langtímafjármögnunar Akraneskaupstaðar.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi tillögu/útboðsskilmála vegna langtímafjármögnunar Akraneskaupstaðar og vísar til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

Samþykkt 3:0

6. 2410292 - Höfði - Fjárhagsáætlun 2025 - 2028

Dvalarheimilið Höfði - Fjárhagsáætlun 2025-2028.

Bæjarráð samþykkir að vísa fjárhagsáætlun Höfða vegna ársins 2025 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2026 til og með 2028 til fyrri umræðu í bæjarstjórn Akraness sem fram fer þriðjudaginn 12. nóvember næstkomandi.

Samþykkt 3:0

Bæjarráð fyrirhugar frekari rýningu á áætluninni á milli umræðna.



7. 2409132 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2025-2034

Áframhaldandi vinna við fjárfestinga- og framkvæmdaáætlunar 2025 og vegna tímabilsins 2026 til og með 2028.

Lokafundur bæjarráðs fyrir framlagningu fjárhagsáætlunar til fyrri umræðu í bæjarstjórn Akraness.

Bæjarráð samþykkir að vísa fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun ársins 2025 og vegna tímabilsins 2026 til og með 2028 til fyrri umræðu í bæjarstjórn sem fram fer þriðjudaginn 12. nóvember næstkomandi.

Samþykkt 2:0, RBS situr hjá.

Frekari rýning á áætluninni mun fara fram á milli umræðna.

8. 2406142 - Fjárhagsáætlun 2025 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2026-2028

Áframhaldandi vinna við gerð fjárhagsáætlunar vegna ársins 2025 og vegna tímabilsins 2026 til og með 2028.

Lokafundur bæjarráðs fyrir framlagningu fjárhagsáætlunar til fyrri umræðu í bæjarstjórn Akraness.

Bæjarráð samþykkir að vísa fjárhagsáætlun ársins 2025 og þriggja ára áætlun vegna árána 2026 til og með 2028 ásamt tillögum sem meðfylgjandi eru áætluninni til fyrri umræðu í bæjarstjórn Akraness sem fram fer þriðjudaginn 12. nóvember næstkomandi.

Samþykkt 2:0, RBS situr hjá.

Frekari rýning á áætluninni mun fara fram á milli umræðna.

Kristjana Helga vikur af fundi.

9. 2312167 - Lækjarflói 24 - Umsókn um lóð

Tilkynning Helga Þorsteinssonar um skil á lóðinni Lækjarflói 24, sbr. tölvupóst dags. 28.10.2024.

Bæjarráð samþykkir erindi umsækjanda um skil á lóð í Flóahverfinu.

Samþykkt 3:0

10. 2309160 - Lækjarflói 14 - umsókn um lóð á grænum iðngörðum

Tilkynning Elvars Hallgrímssonar, f.h. Mardals ehf. um skil á lóðinni Lækjarflói 14.

Bæjarráð samþykkir erindi umsækjanda um skil á lóð í Flóahverfinu.

Samþykkt 3:0

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:55.

Ólafur S. Jónsson
Ragnar Sæmundsson
Guðrún Þorsteinsdóttir
Ólafur Þorsteinsdóttir
Stefnir Haldrupsson